



## Auglýsing um skipulag.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu, breytingu á aðalskipulagi eða gerð deiliskipulags hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. mars 2015 að auglýsa skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulags fyrir fyrirhugaða Svartárvirkjun og lagningar jarðstrengs og ljósleiðara frá virkjunarstað að Laxárvirkjun. Gerð verður umhverfisskýrsla sem verður hluti af greinargerð skipulagsáætlananna.

Aðdragandi skipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsgerðarinnar er sá að SSB Orka hyggst reisa virkjun í Svartá í Bárðardal. Áætlað er að stífla Svartá í Bárðardal um 0,4 km ofan við ármót Grjótár sem fellur í hana að austanverðu. Aðrennslispípa virkjunarinnar er u.þ.b. 3100 m löng og er pípuleiðin er valin meðfram Svartá og verður hún öll niðurgrafin og fyllt að henni. Stöðvarhúsinu verður að öllum líkindum valinn staður skammt frá bakka Svartár um 0,7 km frá vegi þar sem hann sveigir frá ánni upp til móts við bæinn Bjarnastaði. Uppsett afl virkjunarinnar verður 9,8 MW. Leggja á 33 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara frá virkjun að tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun.

Skipulagslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með fimmtudeginum 16. apríl til og með fimmtudeginum 7. maí 2015. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is> undir:

Skipulagsmál/Aðalskipulag/Breytingartillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 7. maí til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is).

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Bjarni Reykjálín

skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar